

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 16. mál

Með frumvarpinu er lagt til að gerð verði breyting á 1. mgr. 43. gr. b laga um grunnskóla með þeim hætti að framlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla skuli nema að lágmarki 90% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands í stað 75% nú. Vegna skóla með allt að 200 nemendur, skuli framlagið vera að lágmarki 85% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda í stað 70% nú.

Í sáttmála þeirra flokka sem standa að meirihlutanum í Reykjavík segir: „Megináhersla verður lögð á borgarreknar menntastofnanir og áfram verður stutt við sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla.“ Í Reykjavík eru starfandi sex sjálfstætt starfandi grunnskólar með þjónustusamning við Reykjavíkurborg. Auk þess er greitt framlag til fjögurra sjálfstætt rekinna grunnskóla í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur styður val foreldra til að velja skóla fyrir börn sín og tekur undir með flutningsmönnum frumvarpsins að kostnaður sem kemur til vegna skólagjalda geti verið ríkur og óæskilegur áhrifaþáttur við val á skóla. Leiðir til að minnka þennan áhrifaþátt yrðu því af hinu góða.

Skóla- og frístundaráð leggur þó á það ríka áherslu að stjórnvöld leggi ekki auknar skyldur á sveitarfélögin, án þess að þeim verði tryggt fjármagn til að standa undir þeim viðbótarkostnaði sem óhjákvæmilega munu fylgja þeim breytingum. Í því sambandi er mikilvægt að rýna fjárhagsleg áhrif tillagnanna á fjárhag sveitarfélaganna og tryggja að framlag ríkisins til þeirra sveitarfélaga þar sem sjálfstætt starfandi grunnskólar eru starfræktir verði hækkað til að mæta að fullu þeim auknum útgjöldum sem umrædd lagabreyting myndi hafa í för með sér fyrir viðkomandi sveitarfélög.